

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 11 6. apríl 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.